



St. Fjall-fréttir

44. TÖLUBLAD

APRÍL 2008

14. ÁRGANGUR

ORLOF 2008

Ágætu félagar.

Hér kemur orlofsblaðið okkar fyrir árið 2008.

Í því eru upplýsingar um hvað við bjóðum upp á í sumar, orlofshúsin, íbúð í Reykjavík, gjafabréf og annað sem skiptir máli.

Við bjóðum núna upp á nýjung sem eru gjafabréf með Iceland Express að verðmæti 20 þúsund krónur sem kosta félagsmenn 12 þúsund krónur. Þessi bréf geta félagsmenn notað sem greiðslu upp í ferðir með flugfélaginu og gilda bréfin í 2 ár. Bréfin eru til sölu hjá Hafðísi á bæjarskrifstofunni. Sjá nánar inn í fréttabréfinu.

Orlofshúsin okkar eru í Munaðarnesi, sem við erum með að hálfu á móti stéttarfélaginu Kili og í Úlfstaðaskógi á Héraði sem við eigum ein.

Við höfum aðgang að íbúð við Ásholt í Reykjavík í eigu FOSS og erum líka í góðu sambandi við önnur starfsmannafélög sem gefa okkur möguleika á að útvega hús á öðrum stöðum.

Við minnum líka á að við ákváðum að greiða niður til félagsmanna leigu á tjaldvögnum og fellihýsum. Fara þarf með kvittun til gjaldkera St.Fjall og fá niðurgreiðsluna sem er **7,000 kr.** fyrir vikuleigu.

Við hvetjum ykkur til að skoða vel það sem við höfum upp á að bjóða og ekki hika við að hafa samband ef þið hafið óskir um annað en hér stendur til boða.

Með ósk um gott og afslappað sumar.

Guðbjörn Arngrímsson
formaður St. Fjall

ORLOFSHÚS



Orlofshúsið okkar í Munaðarnesi er 52 m² með þremur svefnherbergjum, 6 svefnstæðum og borðbúnað og áhöld fyrir 8 manns. Sjónvarp og útvarp með geislaspilara eru í húsinu sem og kolagrill.

Í þjónustumiðstöðinni er hægt að fá lánuð barnarúm og þvottaaðstaða er fyrir gesti.

Kaffi Paradís rekur kaffihús og bar í þjónustumiðstöðinni og er þar boðið upp á fjölbreyttan matseðil og uppákomur.

Nánar um Kaffi Paradís á www.lystisemdir.is

Skemmtilegt gönguleiðakort er til af svæðinu og mikið af merktum gönguleiðum við allra hæfi. Stutt er í sund að Varmalandi og í Borgarnesi og golfvöllur er að Hamri við Borgarnes og við Bifröst er golfvöllurinn Glanni og þar fá félagsmenn í BSRB afslátt af daggjöldum.

Að sjálfsögðu er heitur pottur við húsið.

Afgreiðsla lykla og sængurfatnaðar er í þjónustumiðstöðinni.



Húsið á Úlfsstöðum er 48 m² með 28 m² svefnlofti. Tvö svefnherbergi með tvíbreiðum rúmmum eru á neðri hæð og auk þess tvöfalt rúm og 6 dýnur á svefnlofti þannig að það geta auðveldlega 10-12 manns gist í húsinu í einu. Eldhúsið var tekið í gegn í fyrra og er nú alvöru eldhús í húsinu, sjá mynd.

Upplýsingar um annan búnað í húsinu er að finna á heimasíðu félagsins, stol.is.

Húsið er vel staðsett, aðeins um 10 mín. akstur til Egilsstaða, álíka vegalengd er að Hallormsstað og stutt niður á firðina í skoðunarferðir.

Einnig er greiðfær vegur upp að virkjunarsvæðinu við Kárahnjúka og að hálendinu þar í kring.

Sundlaugar eru bæði á Egilsstöðum og á Hallormsstað og 9 holu golfvöllur er rétt við Fellabæ.

Heitur pottur er við húsið yfir sumarið.

Lyklar afhendast á bæjarskrifstofu hjá Hafðisi.

Fólk þarf að hafa með sér sængurfatnað og diska- og bekkjapurrkur.

Líkur á úthlutun á fyrstu og síðustu vikum sumarsins eru mun meiri en um mitt sumar og hefur ekki áhrif á sumarúthlutun.

AÐRIR MÖGULEIKAR



GJAFABRÉF MEÐ ICELAND EXPRESS

Við bjóðum nú í ár upp á nýjung sem eru gjafabréf með Iceland Express flugfélaginu.

Gjafabréfin gilda í öll flug hjá Iceland Express en það er flogið á 13 áfangastaði nú í sumar. Gjafabréfin kosta kr 12.000 fyrir félagsmenn en gilda sem kr. 20.000 upp í ferð hjá Iceland Express.

Gjafabréfin gilda í tvö ár frá útgáfudegi. Hver félagsmaður getur keypt 2 gjafabréf.

Félagsmenn fá afhent gjafabréf með númerum sem gefin eru upp þegar ferð er borguð hjá félaginu á netinu eða á skrifstofu félagsins.

Eins og áður er sagt er hægt að nota bréfin í allar ferðir félagsins og er rétt að benda félagsmönnum á að félagið flýgur tvisvar í viku til Danmerkur frá Akureyri í sumar frá 15. maí til 31. ágúst. Nánari upplýsingar um ferðir á vegum Iceland-Express er að finna á heimasíðu félagsins sem er www.icelandexpress.is

ÍBÚÐ Í REYKJAVÍK

Við bjóðum líka uppá íbúð í Reykjavík í samvinnu við FOSS, Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi.

Íbúðin er við Ásholt, rétt fyrir ofan Hlemm, sem sagt í göngufæri við miðbæinn.

Þeir sem hafa áhuga á íbúðinni hafið samband við skrifstofu FOSS í síma 482-2760.

Ath. skrifstofa FOSS er lokuð í júlí vegna sumarleyfa.

Við minnum líka á að við greiðum niður til félagsmanna leigu á tjaldvögnum og fellihýsum.

Fara þarf með kvittun til gjaldkera St.Fjall, Hafdísar og fá niðurgreiðsluna sem er **7,000 kr.** fyrir vikuleigu.

Ef félagsmenn eru með aðrar óskir eru þeir hvattir til að hafa samband við formann félagsins og hann reynir að uppfylla þær.

Félagsmenn eru hvattir til að fylgjast vel með heimasíðu félagsins, www.stol.is.

Þar er að finna allar upplýsingar um félagið, kjarasamninga og réttindi félagsmanna.

SJÁ UPPLÝSINGAR UM VERÐ OG ANNAÐ Á ÖFTUSTU SÍÐU.

Þessar vikur eru í boði í **Úlfsstaðaskógi:**
23. - 30. maí, 30. maí - 6. júní, 6. - 13. júní, 20. - 27. júní,
27. júní - 4. júlí, 4. - 11. júlí, 18. - 25. júlí, 25. júlí - 1. ágúst,
1. - 8. ágúst, 15. - 22. ágúst, 22. - 29. ágúst,
29. ágúst - 5. sept., 5. - 12. sept.

og þessar vikur eru í boði í **Munaðarnesi:**
16. - 23. maí, 30. maí - 6. júní, 13. - 20. júní, 27. júní - 4. júlí,
11. - 18. júlí, 25. júlí - 1. ágúst, 8. - 15. ágúst, 22. - 29. ágúst
5. - 12. sept.

Verð fyrir hverja viku í orlofshúsunum er sem hér segir, og skal greiðast fyrir **10. maí** hjá Hafðísi á bæjarskrifstofunni, verði það ekki gert áskilur félagið sér rétt til að leigja húsin öðrum. **Hafðís selur líka gjafabréfin frá Iceland Express.**

Verð fyrir vikurnar 16. maí til 13. júní og 15. ág. til 12. sept....kr: 16.000
Fyrir aðrar vikur kr: 19.000

Með þessu blaði fylgir umsóknareyðublað sem vonandi er vel skiljanlegt og ætti því að hjálpa við úthlutanir á húsunum.

Umsóknum skal skila á
[bæjarskrifstofuna fyrir 30. apríl.](#)

Félagsmenn eru beðnir að athuga að geti þeir einhverra hluta vegna ekki nýtt sér þá viku sem þeir fá úthlutaðri, verða þeir að láta Starfsmannafélagið vita, sem sér um að úthluta henni til annarra félaga.

Höfum það í huga að þetta eru okkar eigur og við erum stolt af þeim.

St. Fjall-fréttir

eru gefnar út af Starfsmannafélagi Fjallabyggðar.

Netfang: stol@olf.is Heimasíða: <http://stol.is>

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðbjörn Arngrímsson

Starfsmannafélag Fjallabyggðar var stofnað 19. maí 1983

Félagar í dag eru 103 þar af 22 eftirlaunaþegar og öryrkjar.

Netfang St. Fjall: stol@olf.is

4 St.Fjall-fréttir